

Miðvikudaginn 7. desember 1955.

Nr. 117/1954. **Oliufélagið h/f** (Vilhjálmur Jónsson)
 gegn

Bæjarstjóranum á Sauðárkróki f. h.
bæjarsjóðs (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Sigurðsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1954 og krafizt þess, að synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna úrskurðarins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Oliufélagið h/f, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Sauðárkróks 19. júní 1954.

Við niðurjöfnun útvara hér í kaupstaðnum 1953 lagði niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar útsvar á Oliufélagið h/f á Íslandi, útibúið á Sauðárkróki, að upphæð kr. 18.125.00. Hefur bæjarstjórinn á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs Sauðárkróks krafizt lögtaks í eignum Oliufélagsins h/f til tryggingar og lúkningar á ofangreindu útsvari ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1953 auk kostnaðar af gerð þessari.

Umboðsmaður Olíufélagsins h/f hefur hins vegar í upphafi máls þessa krafizt þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og honum verði tildæmdur lögtakskostnaður að mati fógetadómsins. En í fógetadóminum 10. þessa mán. hefur hann breytt kröfu sinni þannig: Krafizt þess aðallega, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. *Til vara*, að aðeins verði leyfður framgangur hennar fyrir kr. 6644.00 og *til þrautavara*, að aðeins verði leyfður framgangur gerðarinnar fyrir kr. 16.283.00, en í öllu falli verði gerðarþola tildæmdur málskostnaður eftir mati fógetans.

Útsölu á vörum frá birgðastöð gerðarþola hér í bænum hafa Vörubifreiðastjórufélag Skagfirðinga og Kaupfélag Skagfirðinga á Sauðárkróki haft á hendi. Hefur gerðarþoli haldið því fram, að viðskiptum hans við þessa aðilja sé þannig háttað, að ekki verði talið, að hann reki heimilisfasta atvinnustofnun hér í kaupstaðnum með þeim viðskiptum og hann sé því ekki útsvarsskyldur hér. Þessu til stuðnings hefur gerðarþoli haldið því fram, að viðskiptum hans við Vörubifreiðastjórufélagið sé þannig varið, að það kaupi benzín af honum við hámarksútsöluverði, er verðlagsyfirvöldin ákveða á hverjum tíma, að frádregnum þeim sölulaunum, sem ákveðin eru af sömu aðiljum, en smurningsolíu kaupi félagið af honum við hámarksútsöluverði, að frádreginni ákveðinni afsláttarþóknun.

Það er upplýst, að gerðarþoli á hér í kaupstaðnum erfðafestuland, 1895 fermetra að flatarmáli. Á því hefur hann byggt olíu- og benzíngeyma ásamt afgreiðsluskúr, og eru mannvirki þessi afgirt birgðastöð hans við höfn kaupstaðarins. Auk þessa á gerðarþoli benzíngeymi með dælu, er Vörubifreiðastjórufélag Skagafjarðar notar við afgreiðslu á benzíni frá birgðastöðinni við höfnina, og gasolíugeymi, er Kaupfélag Skagfirðinga notar við afgreiðslu á gasolíu frá framangreindri birgðastöð gerðarþola. Þá hefur gerðarþoli einnig hér tankbifreið, sem er í förum frá Sauðárkróki alla tíma ársins og flytur olíu frá birgðastöðinni til framannefndra útsölumanna og auk þess út úr kaupstaðnum víðs vegar, bæði innan og utan Skagafjardarsýslu. Af samningi gerðarþola við Vörubifreiðastjórufélag Skagafjarðar, sbr. dskj. nr. 4, má sjá, á hvern hátt sölu olíu- og benzínbirgðanna frá framangreindri birgðastöð gerðarþola er hátt- að. Vörubifreiðastjórufélagið er „útsölumaður“ og hefur í því skyni „að láni“ benzíngeyminn og dæluna, sem að framan er getið, við afgreiðslustöð sína, uppsett þar félaginu að kostnaðarlausu. Útsölumanni er óheimilt að auglýsa á útsölustaðnum fyrir aðrar verzlánir, sem selja vörur í samkeppni við gerðarþola, og eignina, sem nefnd tæki eru sett upp á, má útsölumaður ekki nota til þess að selja aðrar vörur frá fyrirtækjum eða einstaklingum, sem eru keppendur gerðarþola. Vörubifreiðastjórufélagið er skuldbundið til að kaupa hjá gerðarþola allt það benzín og smurningsolíur, sem það kann að nota sjálft og getur selt, á meðan það hefur benzíntækin að láni. Gerðarþoli ákveður sjálfur útsöluverðið á þeim vörum, sem hann afhendir

Þessum útsöllumanni sínum, og má engan afslátt gefa frá því útsöluverði eða því verði, sem gerðarþoli á hvaða tíma sem er ákveður á benzíni. Greiðir gerðarþoli útsöllumanni ákveðin „ómakslaun (sölu-laun)“ fyrir hvern seldan lítra af benzíni, og skulu þau reiknuð út strax, og benzínið skuldfært með nettoverði.

Um útsöluna, sem Kaupfélag Skagfirðinga annast á vörum frá birgðastöð gerðarþola hér í kaupstaðnum, er enginn samningur milli þessara aðilja fyrir hendi. En gerðarþoli hefur, sbr. dskj. nr. 3, lýst þeim viðskiptum þannig, að hann eigi birgðatank fyrir benzín í vörzlum kaupfélagsins og annist kaupfélagið um útkeyrslu á benzíni til hinna ýmsu sölustaða í héraðinu gegn þóknun. Gerðarþoli skuldfærir viðkomandi aðilja, er fá benzín frá þessum tank, beint í viðskiptareikning þeirra hjá sér og annast um innheimtuna. Benzínbirgðir þær, sem eru á hverjum tíma á tanknum, á gerðarþoli og einnig birgðir þær af gasolíu, sem eru á gasolíutanknum á hverjum tíma.

Gerðarþoli hefur haldið því fram, að viðskiptasamband hans við framangreindar útsölustofnanir sé alveg hliðstætt sambandi heildsala við smásala og því verði eigi lítið svo á, að hann reki sjálfstæða atvinnustofnun á Sauðárkróki í þeirri merkingu, sem átt er við í 8. gr. laga nr. 66/1945.

Á þenna skilning gerðarþola þykir þó ekki auðið að fallast, með því að gerðarþoli ákveður sjálfur útsöluverðið á öllum vörum frá birgðastöð sinni á Sauðárkróki, en sá háttur mun ekki eiga sér stað um vörusölu heildsala og smásala, að hinn síðarnefndi sé háður slíku fyrirmælum. Auk þessa ber einnig að líta á það, að gerðarþoli á miklar eignir og tæki, sem notuð eru við sölu hans á olíum og benzíni, sem hann flytur í eigin nafni og fyrir eigin reikning hingað í birgðastöð sína og varðveitir þar, unz útsala og dreifing vörunnar í ýmsar áttir fer fram. Virðist það ekki skipta máli, þótt svo eigi að heita, að þeir, sem útsöluna annast gegn ákveðinni þóknun frá gerðarþola, séu eigendur vörunnar frá því að hún er látin í afgreiðslutæki gerðarþola, sem eru í vörzlum útsalanna. Verður því að telja, að gerðarþoli reki hér verzlun með framangreindar vörur frá birgðastöð sinni og útsölum, sem er útsvarsskyld eins og aðrar smásöluverzlanir í kaupstaðnum. Af þessu leiðir, að kröfur gerðarþola verða ekki teknar til greina, og á því hið umbeðna lögtak að ná fram að ganga samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð. Þá ber gerðarþola að greiða áfallinn kostnað af gerðinni kr. 276.00.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 18.125.00 ásamt 6% vöxtum frá 1. desember 1953 og áföllnum kostnaði af gerðinni, 276.00 krónum.